

Nesfréttir

MARS 2020 • 3. TBL. • 33. ÁRG. • www.borgarblod.is



Vivaldi styrkir knattspyrnudeild Gróttu áfram



Jón von Tetzchner t.v. ásamt Birgi Tjörva Péturssyni formanni knattspyrnudeildar Gróttu og ungum iðkendum deildarinnar.

Vivaldi á Íslandi hefur gert tveggja ára styrktarsamning við knattspyrnudeild Gróttu vegna barna- og unglingastarf deildarinnar. Samkvæmt samningnum munu vörumerkin Vivaldi og Arna prýða keppnisbúninga yngri flokka Gróttu næstu tvö árin.

Samningurinn er lyftistöng fyrir starfið í félaginu og með honum hefur Jón von Tetzchner forsvarsmáður fyrirtækisins enn og aftur sýnt í verki mikilvægan stuðning við uppeldisfélagið sitt. Við tilefnið afhenti Bragi Björnsson, formaður Gróttu, Jóni bronsmerki félagsins sem honum var veitt í byrjun árs, fyrir stuðning sinn við knattspyrnudeildina í gegnum árin.



Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bilinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst itrustu kröfur.



Framrúðskipti

Skiptum um framrúður og önnurnum annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðtjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Smáviðgerðir

Samhlöða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Draghals 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

KOMDU MEÐ BÍLINN Í TJÓNASKOÐUN

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Bygggarðar og bjartari tíð

Margt nytsamlegt er að finna í tillögum Haraldar Línal Haraldssonar um rekstur Seltjarnarnesbæjar. Ber þar einna hæst tillögum um einföldun á rekstrarfyrirkomulagi og nýtt skipurit sem hæfir 4500 manna bæjarfélagi mun betur en eldra skipurit.

Kallað var eftir skoðun Haraldar sem hefur sérhæft sig í rekstri sveitarfélag vegna viðvarandi hallarekstrar á Seltjarnarnesi.

Ýmsar hugmyndir til rekstrarlega sparnaðar er að finna í tillögnum. Athygli vekur hins vegar að hvergi er að finna hugmyndir um hvernig auka megi tekjur bæjarfélagsins.

Lengi hefur sú stefna verið við lýði að Seltirningar skuli búa við Lægstu útsvarsprösentu hér á landi.

Meðalaldur hefur verið hár á Nesinu. Margir greiða fjármagnstekjuskatt sem ekki rennur til sveitarfélaga. Nú hyllir undir að yngri íbúum muni fjölga. Eftir margra ára bið verður trúlega hafin bygging á nýju íbúðahverfi við Bygggarða. Með því gæti hafist bjartari tíð.

Unnið að aðgerða-áætlun vegna tillagna Haraldar Línal



Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar samþykkti á fundi þann 20. febrúar sl. að fela bæjarstjóra að vinna aðgerðaráætlun um framgang einstakra tillagna og fylgja eftir ábendingum sem koma fram í skýrslu vegna rekstrarúttektar sem Haraldur Línal Haraldsson hagfræðingur vann fyrir bæinn. Gert er ráð fyrir að aðgerðaráætlun verði lögð fram í bæjarráði Seltjarnarnesbæjar innan tveggja mánaða og stöðumat eftir sex mánuði.

Um er að ræða ítarlega greiningu á rekstri og fjármálum bæjarfélagsins. Í greiningunni hefur íbúapróun verið skoðuð og einnig var unnin greining á skuldum, veltu- og handbæru fé frá rekstri. Þá var skoðað hvernig ársreikningur hefur komið út í samanburði við fjárhagsáætlun. Rekstrarafkoma, laun og önnur rekstrarútgjöld hafa verið greind og einnig er þar að finna greiningu á tekjum sveitarfélagsins, samsetningu tekna o.fl. Í úttektinni er farið yfir hvernig fjöldi stöðugilda hefur þróast síðustu ár í samanburði við önnur sveitarfélög af svipaðri stærð.

Leiðrétta þarf rekstur um 200 til 300 milljónir

Megin niðurstaða greiningarinnar er að Seltjarnarnesbær þurfi að leiðrétta rekstur sinn um 200 til 300 milljónir króna. Í skýrslu Haraldar sem kynnt var á opnum íbúafundi miðvikudaginn 26. febrúar sl. eru 66 tillögur ásamt ábendingum um það sem talið er sérstaklega vert að skoða í stjórnsýslu, rekstri og fjármálum bæjarins. Í bókun bæjarstjórnar um úttektina segir: „Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar lýsir ánægju með framkomna skýrslu sem staðfestir traustan rekstur bæjarfélagsins þar sem starfsmenn leggja sig fram af metnaði og með fagmennsku að leiðarljósi við að veita bæjarbúum góða þjónustu. Í skýrslunni felast jafnframt tækifæri til að gera enn betur með það að markmiði að fylgja eftir tillögum og ábendingum til að bæta rekstur, fjárhag og þjónustu bæjarins.“

Húsfélagþjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundur
- ✓ MÍNAR SÍÐUR
- ✓ Þjónustusaga húss
- ✓ Önnur þjónusta



• EIGNAUMSJÓN www.eignaumsjon.is

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook



EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65%
stærra
lessvæði



Velkomin
í nýja
verslun
okkar á
Hafnartorgi



SJÓNMAELINGAR
Tímapantanir: 528 8505


Optical Studio
HAFNARTORGI

Minnihlutaflökkarnir um tillögur HLH

Niðurskurður í skóla og frístundastarfi en enginn tekjuauki

Minnihlutaflökkarnir í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar, Samfylkingin og Neslistin Viðreisn létu á fundi 11. mars sl. bóka tillögur og athugasemdir vegna skýrslu Haraldar Líndal Haraldssonar um rekstur Seltjarnarnesbæjar.

Í bókum Samfylkingarinnar kemur meðal annars fram að bæjarfulltrúar hennar hafi stutt breytingar á skipuriti bæjarins og telja nýtt skipurit nær því sem talið geti eðlilegt í 4500 manna bæjarfélagi. Þá er því lýst að margar ágætar tillögur hafi komið fram en aðrar kalli á frekari umræðu og samráð við stofnanir um útfærslu. Sérstakar áhyggjur vakni af því hversu mikil áhersla er lögð á niðurskurð í leikskóla-, skóla- og frístundastarfi. Í bókun Neslista/Viðreisnar koma fram áhyggjur af að engar af tillögum HLH miði að því að auka tekjur bæjarfélagsins. Í bókuninni er bent á að ef útsvarsprósenta væri sú sama á Seltjarnarnesi og í Kópavogi hefði rekstur bæjarfélagsins verið sjálfbær á árunum 2016 til 2019.



Nýtt skipurit Seltjarnarnesbæjar.

Nýtt skipurit Seltjarnarnesbæjar

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt tillögu ráðgjafafyrirtækisins HLH ehf., um nýtt skipurit yfirstjórnar sveitarfélagsins. Með nýju skipuriti er stjórnábyrgð breytt og verða þau nú fjögur.

Nýtt stjórnskipulag tók formlega gildi 1. mars sl. Skipuritið miðar að því að færa uppbyggingu og virkni stjórnskipulags Seltjarnarnesbæjar til þess sem almennt gildir hjá sveitarfélögum af sambærilegri stærð. Í nýju skipuriti er stjórnábyrgð og rekstri skipt upp í fjögur svið eins og lagt er til í skýrslu Haraldar L. Haraldssonar, hagfræðings. Á hverju sviði er einn sviðsstjóri sem ber ábyrgð gagnvart bæjarstjóra á öllum málaflokkum, sem undir sviðið heyrar.

Samkvæmt nýju skipulagi verða svið Seltjarnarnesbæjar nú fjögur og verður skipting þeirra með eftirfarandi hætti: Fjölskyldusvið, skipulags- og umhverfissvið, fjármálasvið og þjónustu- og samskiptasvið. Baldur Pálsson mun veita fjölskyldusviði forstöðu. María Björk Óskarsdóttir mun veita þjónustu- og samskiptasviði forstöðu. Gunnar Lúðvíksson mun veita Fjármálasviði forstöðu. Starfs sviðsstjóra Skipulags- og umhverfissviðs verður auglýst.

Þú færð hálkusaltið hjá okkur
5kg í poka, 10kg í fötu og 25kg í poka

SALTKAUP
Salt - Umbúðir - íbæti efni

Saltkaup ehf | Cuxhavengata 1 | 220 Hafnarfjörður | Sími 560 4300 | saltkaup.is

www.systrasamlagid.is

FERSKUR FISKUR
DAGLEGA
MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN

Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30

Verkefni sem við munum klára saman

Ágætu Seltimingar!

Við erum nú að glíma við afleiðingar heimsfaraldurs hér á landi. Skynsamleg og yfirveguð viðbrögð og örugg stjórnun af hálfu heilbrigðisyfirvalda og annarra stjórnvalda skipta miklu á tímum óvissu og smithættu. En það er ekki síður mikilvægt að sýna kærleik og umhyggju gagnvart samborgurum sínum. Stöndum saman! Fylgjum leiðbeiningum!

Okkar færustu sérfræðingar, Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, Alma D. Möller, landlæknir og Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn, hafa ásamt þeirra samstarfsfólki staðið vaktina fyrir okkur á tímum sem við höfum ekki gengið í gegnum áður.

Fram hefur komið í máli Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra, Bjarna Benediktssonar, fjármálaráðherra og Svandísar Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra að við þurfum öll og sameiginlega að vinna okkur út úr þessu verkefni sem þjóðin stendur frammi fyrir. Við þurfum að halda áfram að fylgja leiðbeiningum til að hemja útbreiðslu veirunnar. Við þurfum að halda áfram að axla ábyrgð saman og fara eftir tilmælum sérfræðinga okkar til að verja viðkvæma hópa.

Þetta er verkefni sem við sem þjóð munum leysa saman eins og forseti Íslands og forsætisráðherra landsins hafa hvatt okkur til. Það hefur þegar sýnt sig að þessi stefna og skynsamleg viðbrögð almennings hafa skilað árangri með því að hægja á útbreiðslu COVID-19 veirunnar. Sá árangur mun leiða til þess að heilbrigðiskerfið okkar mun ráða við að veita þeim sem veikjast bestu þjónustu.

Bæjarstjórn Seltjarnarness mun gera allt sem í hennar valdi stendur til að halda órofinni þjónustu við íbúa bæjarins. Lykilstjórnendur og starfsfólk bæjarins, sem skipa Neyðarstjórn sveitarfélagsins, taka stöðuna daglega. Haft er samráð við stjórnendur innan Samtaka sveitarfélaga og á höfuðborgarsvæðinu. Og tilmæli frá sóttvarnarlækni og landlækni eru metin og útfærð á stöðufundum.

Við munum reyna að upplýsa bæjarbúa eins oft og þörf krefur hvað varðar þjónustu hjá bænum. Fylgist því vel með heimasíðunni www.seltjarnarnes.is.

Það má vel vera að þróun mála verði með þeim hætti að bæjarfélagið verði að sveigja starfsemi sína meira og minna að þessu verkefni. En við skulum ekki kvíða því enda hefur löngum verið sagt að Íslendingar standi vel undir álagi. Við munum leysa þetta verkefni eins og önnur sem þjóðin hefur farið í gegnum.

Seltjarnarnesbær stendur vel til þess að takast á við tímabundið áfall í kjölfar faraldursins. Fjárhagsstaða bæjarins er mjög sterk. Kjörtímabilið er hálfnað og ég mun sem bæjarstjóri halda áfram að þjónusta bæjarbúa ásamt starfsfólki bæjarins eins og framast er unnt. Það er engum greiði gerður með umfjöllun á samfélagsmiðlum um slæma stöðu bæjarins á þessum tímamarki. Við skulum ræða það þegar kemur að næstu kosningum hverju núverandi meirihluti hefur áorkað. En nú er tími til þess að snúa bókum saman og takast á við það andstreymi sem við mætum þessar vikurnar. Til þess höfum við fullt afl. Nú skiptir máli að vinna saman í þjóðarátaki.

Um leið þurfum við að halda áfram að vera

til, gleðjast og hlakka til sumarsins. Miklu skiptir að við förum út með börnin okkar eða barnabörnin í góða göngutúra um okkar fallega Nes. Sýnum þeim okkar perlu hvort sem við erum að gangi í fjörinni, Valhúshæð eða í götunni heima hjá okkur. Styðjum við þá sem eru í sóttkví með því að hafa samband og hlúum að þeim sem búa einir eða þurfa aðstoð með daglegt líf!

Ásgerður Halldórsdóttir,
bæjarstjóri.



Ásgerður Halldórsdóttir.



Skoðunarstöðin á Hólmaslóð verður lokuð næstu vikurnar.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur fengið afnot af stöðinni í þágu almannavarna.

Upplýsingar um allar stöðvarnar okkar er að finna á frumherji.is.

AFGREIÐSLUTÍMI mán.-fös. kl. 8-17



Frumherji

Sími 570 9090 • www.frumherji.is

Uppistandið eins og maraþon

Árni Helgason hefur búið í sjö ár á Seltjarnarnesi ásamt Sigríði Dögg Guðmundsdóttur og þremur börnum og kunna þau vel við sig. Hann settist niður með Nesfréttum á dögnum, skömmu eftir þorra-blót Seltirninga sem var haldið í byrjun febrúar en Árni var einn af þeim sem kom fram sem ræðumaður kvöldsins. Hann ólst upp í Vesturbænum og bjó þar lengst af, þótt hann hafi reyndar búið fyrsta æviárið í Vestmannaeyjum. Árni starfar sem lögmaður en hefur undanfarin misseri verið með uppistand, eitthvað sem hann segir að fari ágætlega með lögmannstarfinu ásamt því að vera með vikulegt hlaðvarp, skrifa pistla og ýmislegt fleira. Við ræðum um Seltjarnarnesið, hinn dæmigerða Seltirning og margt fleira við Árna.

Árni er fæddur árið 1981, sonur þeirra Helga Bernósdussonar sem vann áratugum saman hjá Alþingi, byrjaði fyrst 1973 í hlutastarfi og sem skrifstofustjóri þingsins frá 2005 þar til hann lét af störfum í fyrra og Gerðar Guðmundsdóttur, enskukennara sem kenndi lengi við Menntaskólann við Hamrahlíð en lét af störfum fyrir tveimur árum. Helgi er ættaður úr Eyjum en Gerður af Snæfellsnesi en Árni segir að í gegnum móðurömmu sína eigi hann smá tengingu við Nesið, þar sem amma hans, Magnea Sörensdóttir og Einar Snæbjörnsson, afi hans, bjuggu um árabíl á Melabrautinni.

Kúlulaga ís á Melabrautinni

„Ég var oft í heimsókn hjá þeim, enda eina barnabarnið framan af og fékk þar af leiðandi mikla athygli. Þau bjuggu á

Melabraut 51, eins og það hét þá en síðar var númerakerfinu breytt og þetta hús er númer 13 í dag. Þarna var Nesval rétt hjá og ég man að ég var grimmur þar í ísnum, þarna var seldur ís í kúlulaga plastumbúðum sem ég á mjög góðar minningar um!“

Að öðru leyti segist Árni ekki hafa haft mikla tengingu við Nesið fyrr en hann og fjölskyldan fluttu þangað árið 2012.

„Þetta gerðist nú bara þannig að okkur leist vel á hæð á Unnarbrautinni sem var til sölu, keyptum hana og fluttum. Elsta dóttir okkar, Auður Freyja, var 4 ára þegar við fluttum hingað en síðan hafa bæst við Sólveig Katla og Kári Hrafn þannig að við erum orðin fimm manna fjölskylda. Við færðum okkur svo yfir á Bollagarðana fyrir tveimur árum og fundum það þegar við vorum að skoða fasteignamarkaðinn þá að það kom eiginlega ekki til greina að fara neitt annað, þar sem fjölskyldan var búin að skjóta hér rótum. Það er mjög þægilegt að vera hér með börn og mikil framsýni að vera með skóla, íþróttahús, tónlistarskóla og annað tólmstundastarf á sama blettinum. Eldri stelpurnar tvær eru í Gróttu og ungi maðurinn á eflaust eftir að bætast í hópinn þar fljótlega.“

Börnin skapa tengslin

Aðspurður hvernig hafi gengið að komast inn í samfélagið þá segir Árni að það hafi gengið vel og að mestu gerst í gegnum börnin.

„Elsta dóttir okkar er mjög dugleg að benda á að nánast allir vinir okkar á Nesinu séu foreldrar vinkvenna hennar. Þannig að hún hefur svona verið okkar akkeri í félagslífinu!“



Árni Helgason.

Árni segir að Nesið sé ágætis blanda af litlu bæjarfélagi með sína eigin menningu og bæjarlíf annars vegar og svo hluti af höfuðborgarsvæðinu hins vegar og stutt að fara allar leiðir.

„Mér fannst líka breyta heilmiklu að fá kaffihús á Eiðistorgið, svona til viðbótar við menningarstofnunina Rauða ljónið, en Arna er skemmtilegur staður til að koma með krakkana og fá sér kaffi. Ég gæti alveg séð fyrir mér að það væri pláss fyrir eitt eða tvö svona minni kaffihús eða stað hér til viðbótar, því það er orðið miklu eftirsóttara en áður að geta sótt svona í heimabyggð.“

Pólitískur áhugi

Árni hefur tekið þátt í og unnið í stjórnmálum og segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á stjórnmálum.

„Það kom svolítið með móður-mjólkinni og kannski í gegnum föður minn líka. Ekki í þeim skilningi að foreldrar mínir hafi verið að innræta mér skoðanir en frekar þannig að þabbi vann á Alþingi og ég fékk oft

að fara með honum í vinnuna. Ég man að einn veturinn fékk ég að fljóta með honum í hádegisfótbolta með þingmönnum og ráðherrum í Valsheimilinu og varð alveg starstruck að vera að spila með sömu köllunum og voru í sjónvarpinu á kvöldin, ég man eftir Steingrími Joð, sem er nú reyndar enn á þingi í dag og Inga Birni Albertssyni, þingmanni, sem var náttúrulega ákveðinn yfirburðarmaður í boltanum, enda gömul knattspyrnuhetja. Ég fékk svona að hlaupa með og einhvern tímann var Ingi Björn búinn að sauma sig í gegnum alla vörnina og ákvað að leggja hann á mig til að ungi strákurinn gæti nú fengið að skora. En ég var svo uppnuminn af þessu öllu að ég bara horfði á hann og boltann til skiptis og steingleymdi alveg að setja hann í markið. Svo lék ég mér stundum við að vera þingmaður, lét mömmu sækja jakkaföt fyrir mig til að vera í. Ég tek samt fram, svo fólk haldi ekki að ég hafi verið alveg stórskrýttinn að ég lék mér nú líka mikið úti og var í íþróttum.“

Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmíðurinn.is - bilasmíðurinn@bilasmíðurinn.is



Fjölskyldan við jólatréð heima í stofu. Frá vinstri, Sigríður Dögg Guðmundsdóttir, Sólveig Katla Árnadóttir, Auður Freyja Árnadóttir, Árni Helgason og Kári Hrafní Arnason.

Átakatímar í pólitíkinni

Árni segist hafa tekið þátt í ýms konar félagslífi í menntaskóla og háskólanum.

„Ég var forseti Framtíðarinnar þegar ég var í MR og svo í Háskólanum var ég í Vöku, var oddviti félagsins í Stúdentaráði og síðar í stjórn og formaður Heimdallar. Ég vann líka um tíma hjá Sjálfstæðisflokknum, sem framkvæmdastjóri þingflokksins, en það var á árunum 2007 til 2009. Þetta var svolítið sérstakt tímabil, mikill uppgangur og fjör þarna framan af en svo breyttist þetta skyndilega árið 2008 og svo kom hrúnið þarna um haustið sem var náttúrulega mjög svona strembinn en að sama skapi mjög eftirminnilegur tími.“

Um haustið 2009 hafi hann gengið til liðs við tvo vini sína, þá Jóhannes Árnason og Sverri Pálmason, sem voru þá nýbúinir að stofna lögmansstofu og þeir hafi rekið hana síðan, eða í rúmlega 10 ár.

Aðspurður hvort þingmannsdrumurinn lifi í honum segir Árni að svo sé ekki, þótt hann fylgist vel með stjórnmálum og hafi áhuga þá sé náttúrulega aldrei hægt sé að útiloka hvað gerist í framtíðinni.

Uppistand svolítið eins og maraþon

Aðspurður hvernig það hafi komið til að hann hafi byrjað í uppistandi

segir Árni að það hafi verið gamall draumur að prófa.

„Þetta er svolítið svona eins og margir lýsa því að fara í maraþon, fyrst ætlarðu bara að prófa þetta einu sinni og upplifa þetta, til að geta strokað þetta út af bucket-listanum. En eins og oft gerist þá uppgötvar maður eftir að fyrsta skiptið er búið að þetta bæði var gaman og eins hitt að maður vildi gjarnan gera hitt og þetta öðruvísi og betur næst. Svo ég tók þátt samt fram þá hef ég aldrei hlaupið maraþon en það er auðvitað gaman að nota þessa samlíkingu því þá fær fólk það kannski á tilfinninguna.“

Svo hafi smám saman teygst á þessu. Upphaflega hafi hann tekið þátt í „open-mic“ kvöldum sem eru haldin á Secret Cellar, sem er við Lækjargötu en þar má í raun hver sem vill spreyta sig í nokkrar mínútur í senn. Svo hafi þetta smám saman undið upp á sig og hann hafi verið beðinn um að koma fram á viðburðum og svo framvegis.

„Ég ákvað svo að halda sýningu hér í haust á Rauða ljóninu, hér í hjarta Sel-tjarnarness, sem var mjög gaman og var vel sótt. Hún hét því lýsandi nafni „Frumraun lögmans“ í uppistandi“ og með mér voru þau Jakob Birgisson og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, sem var einmitt veislustjóri núna á þorrablótinu um daginn. Þetta var mjög gaman og vel sótt, við enduðum á að vera með tvær sýningar þarna sama kvöldið í Koníaksstofunni á

Rauða ljóninu og lofthitinn var orðinn gríðarlegur, þannig að það náðu allir allvega ákveðinni vöskvalusun.“

Árni segir að þetta hafi verið gaman og gengið vel, svona sem frumraun á þessu sviði og svo hafi verið töluvert að gera síðan. „Ætli þetta séu ekki orðin um 15-20 „gigg“ síðan þá,“ segir Árni.

Hann hefur einnig verið með hlaðvarpsþáttinn Hismið ásamt Grétari Theodórssyni síðan árið 2013 en þátturinn er gefinn út vikulega.

„Það hefur verið mjög gaman, við erum með þetta tveir og fáum oft gesti. Þetta er svona um málefni líðandi stundar en þó á frekar léttum nótum.“ Þá skrifar Árni einnig pistla í Fréttablaðið reglulega.

Brúðkaup framundan

Það er því í nógu að snúast. Á þorrablótinu um daginn kom fram hjá Árna að það væri svo stórt verkefni framundan, nefnilega að hann sé að fara að gifta sig í sumar.

„Þetta verður seltirnskt brúðkaup, haldið hér á Nesinu og veislan í félagsheimilinu og svo vonandi eftirparty á Rauða ljóninu. Ég og Sigríður Dögg konan mín erum búin að vera saman í 13 ár þannig að þetta var alveg orðið tímabært!“

Á þorrablótinu fór Árni einnig yfir það hvernig hinn dæmigerði Seltirningur kæmi honum fyrir sjónir.

„Já, ég hef svona rekið mig á það að hér er algengt að fólk vinni við ráðgjöf eða „ýmis verkefni“ eins og það heitir, vinnur mikið á kaffihúsum en er kannski ekki svona mjög fast við. Færri Seltirningar vinna í raunhagkerfinu, þó við eigum auðvitað nokkra góða fulltrúa þar. Þannig að þetta er svona huggulegt samfélag 4000 ráðgjafa og nokkurra smíða.“

Tengsl til Eyja og víðar

Aðspurður um tengsl sín við önnur svæði, eins og t.d. Vestmannaeyjar, segir Árni að þau séu ágæt. „Föðurfjölskyldan er öll þaðan og við förum þarna af og til. Ég bjó þarna fyrsta æviárið, þó ég muni náttúrulega ekki eftir því en þá var faðir minn að vinna á bókasafninu í Eyjum. „Síðasta sumar gerðum við ágætis ferð þarna til Eyjanna, faðir minn varð sjötugur í byrjun ágúst og við skelltum okkur öll á þjóðhátíð og vorum nokkra daga í viðbót og héldum upp á afmælið hans þar.“

Árni bætir því svo við að hann og Sigríður hafi búið á Höfn í Hornafirði í nokkur ár, 2010-2012 í tengslum við starf sem Sigríður tók að sér þar. „Það var skemmtilegur tími, við héldum reyndar tvö heimili, ég var í bænum og Sigga fyrir austan og svo flugum við á milli. Það var mjög gaman að kynna samfélaginu á Hornafirði og dóttir okkar er t.d. enn í sambandi við vinkonu sína þaðan.“

HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!



Startrailer 1280
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 160.000 kr. m/vsk.



Gerð 1376
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 220.000 kr. m/vsk.



Gerð 1374
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 260.000 kr. m/vsk.



Gerð 1384
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 300.000 kr. m/vsk.



Gerð 1339
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 450.000 kr. m/vsk.
en með skráningu.



Gerð 2331
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 550.000 kr. m/vsk.
en með skráningu.



Flatvagnar
Ýmsar gerðir og stærðir,
frá 2000 kg. 3.1x1.65m.
Verð: 570.000 kr. m/vsk.,
en með skráningu.

Topplausnir

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

**Passíusálmar í Seltjarnarneskirkju
á Föstudaginn langa 10. apríl nk.**

Lestrinum verður streymt á netinu

- svo fólk getur hlustað heima hjá sér

Seltirningum sem áhuga hafa gefst kostur á að taka þátt í lestri Passíusálmanna í Seltjarnarneskirkju á Föstudaginn langa hinn 10. apríl nk. Það er orðin föst venja að lesa þennan snilldarkveðskap séra Hallgríms Péturssonar í kirkjunni á þessum degi og hefur lesturinn hlotið góðar undirtektir bæjarbúa og aðkomufólks. Vegna ríkjandi aðstæðna í þjóðfélaginu sökum COVID-19 veirunnar er stefnt að því að streyma flutningi sálmanna á alnetinu í þetta sinn. Í sálmunum rekur skáldið píslarsögu Krists jafnframt því sem þeir hafa að geyma spaklegar útlekkingar og hollráð sem þjóðin hefur í margar kynslóðir talið sér til góðs að hugleiða.



Hallgrímur Pétursson.

Í fyrsta skiptið hér í kirkjunni las Seltirningurinn Ragnheiður Steindórsdóttir leikkona sálmanna 50 – og var það í fyrsta sinn sem vitað er til að kona hafi flutt þá alla ein opinberlega. Var þetta heilmikið afrek og vakti athygli. Nær fimm klukkutíma tekur að lesa sálmanna upp. Síðan hafa bæjarbúar á öllum aldri skipst á um lesturinn og gjarna flutt tvo sálma, sem eru eins og kunnugt er mörg erindi hver. Sumir upplesara hafa verið þeir sömu frá ári til árs en lagt er kapp á að endurnýja hópinn að hluta í hvert sinn.

Undirbúningur að lestrinum í ár er að hefjast og eru þeir sem vilja taka þátt að þessu sinni beðnir um að hafa samband við Þórleif Jónsson sóknarnefndarmann í síma 611 6558. Þeir sem koma nýir að lestrinum fá góða leiðsögn og hefur þátttakan undantekningalaust verið lesurum til ánægju. Lesturinn hefst kl. 13 og lýkur um kl. 18. Milli lestra er leikin tónlist við hæfi.

Margir hafa jafnan komið í kirkjuna til að njóta upplesturs á þessum perlum íslensks sálmakveðskapar og staldrað við lengur eða skemur eftir aðstæðum hvers og eins. Nú hefur samkomubannið vegna veirusýkinnar þau ekki alsælum áhrif að fólk mun geta hlýtt á flutninginn heima hjá sér í gegnum alnetið, ef ekkert hamlar áformum um slíka útsendingu sem unnið er að.

Passíusálmarnir voru fyrst gefnir út á Hólum árið 1666. Ekkert íslenskt rit hefur komið út jafnoft. Eru útgáfunar orðnar á annað hundrað, auk þýðinga á ýmis tungumál. Vinsælt hefur verið hjá sumum áheyrenda að hafa bókina við hendina og fylgjast með undir lestrinum. Handhæg útgáfa fæst í bókabúðum, en einnig afar vönduð Passíusálmaútgáfa með ítarlegum skýringum Marðar Árnasonar íslenskufræðings, sem út kom fyrir nokkrum árum og er hin forvitnilegasta og mjög fróðleg.

Vert er að vekja athygli á því að skv. langri hefð eru Passíusálmarnir nú í aðdraganda Páska lesnir upp í Ríkisútvarpinu (RÚV rás 1) að loknum tíufréttum á kvöldin alla virka daga, einn sálmur í senn, að þessu sinni upptaka af lestri hins kunna og virta fræðimanns dr. Sigurðar Nordal. Á undan og eftir lestri eru leikin ljúf stef eftir son hans, Jón Nordal, eitt fremsta tónskáld okkar. Organisti er Ragnar Björnsson.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Jæja gott fólk. Nú eru breyttir tímar og öll dagskrá og viðburðir á vegum félags og tómstundastarfs eldri bæjarbúa hefur verið felld niður eða frestað um óákveðinn tíma eins og t.d. bingóið í golfskálanum, Gaman saman kvöldið, félagsvistin með Lions og heimsóknin okkar á Hótel Holt og þriðja fræðslustundin með Sunnu svo eitthvað sé nefnt.

Áður en til lokana kom þá var félagsstarfið í blóma, gleði og góð þátttaka og fastir liðir dagskrárinnar gengið vel. Við áttum skemmtilega ferð í Þjóðmenningarhúsið við Hverfisgötu um miðjan febrúar og eftir þá heimsókn var farið á Reykjavík Hotel 101 þar sem boðið var upp á notalega samverustund með kaffi og gómsætum molum. Fræðslustundin með Sunnu hjúkrunarfræðingi var svo seinnipartinn í febrúar og voru ýmis mál tekin fyrir. Góður rómur hefur verið gerður að þessum stundum með Sunnu en við verðum að fresta næsta skipti vegna aðstæðna.

Verkefnið okkar Farsæl öldrun fór vel af stað, og fullt í öllum tímum sem í boði hafa verið. En enn og aftur vegna COVID 19 þá liggur sú starfsemi einnig niðri. Fleiri breytingar hafa átt sér stað sem tengjast okkar starfi, en bæði Snorri Aðalsteinsson félagsmálafulltrúi og Margrét Sigurðardóttir stjórnandi frístundar hafa bæði látið af störfum hjá Seltjarnarnesbæ, en við höfum átt ákaflega gott og farsælt samstarf við þau bæði. Sendum þeim báðum bestu þakki.

En aftur að veirunni, og í ljósi aðstæðna hvetjum við alla til að fara varlega. Félags og tómstundastarfið fer ekki varhluta af ástandinu eins og áður er sagt en hjá okkur er í gildi algert samkomubann.

Það er einlæg von okkar að þessu fari að linna og að við sleppum sem best út úr þessu öllu saman, en það gerum við helst með því að fara varlega í samskiptum við annað fólk, sápuþvo og spritta, huga að hreyfingu, passa næringu og ekki síður að drekka nóg, en það vill oft gleymast. Fylgjast með fréttum. Ef einhverjar spurningar vakna þá er eðlilegast að leita til aðstandenda og fá aðstoð. Varðandi félags og tómstundastarfið og það sem því viðkemur þá sendum við út tilkynningar og skilaboð eftir því sem við á, setjum inn á Morgunblaðið bæði í blaða og netútgáfu og einnig á fb síðuna eldri bæjarbúar á seltjarnarnesi. Einnig ef einhverjar spurningar vakna varðandi félagsstarfið og opnunina þá bara hringja í 893 9800 eða senda skilaboð eða fyrirsurnir á facebook. Það sem við getum gert best er að sýna þolinmæði og halda í gleðina og bjartsýnina því við vitum að þetta tekur allt enda.

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Eucerin[®]



24 TÍMA RAKABOMBA MEÐ 3X MEIRI HÝALÚRONSÝRU*

*3x meiri virkni, samanborið við Hyaluron-Filler CC Cream

Niðurskurður í forvarnarstarfi

Mun hann skila ávinningi?

Rannsóknir sýna fram á mikilvægi þess að bæjarfélög haldi úti öflugum félags- og tómstundastarfi á faglegum forsendum fyrir börn, unglinga og ungmenni. Margir þeir sem eldri eru höfðu ekki tækifæri til að sækja félagsmiðstöðvar eða kynnst starfi þeirra á sínum unglingsárum. Drykkja og reykingar unglinga viðgekkst á þeirra tímum og helstu samkomustaðir voru án eftirlits t.d. Hallærisplanið. Forsvarsmenn sveitarfélaga sáu að í óefni var komið og að það þyrfti að bregðast við.

Eitt af úrræðunum var að opna félagsmiðstöðvar með skipulögðu félags- og tómstundastarfi undir handleiðslu faglærðra leiðtoga. Starf félagsmiðstöðva er forvarnarstarf, þar sem börn og ungmenni fá tækifæri til að starfa saman í frístundum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum. Þjálfun í lýðræðislegri þátttöku er mikilvægur þáttur í öllu félags- og tómstundastarfi. Með tilkomu félagsmiðstöðva, rannsókna og sameiginlegs átaks í samfélaginu

breyttist drykkjuhegðun unglinga sem viðgekkst á Íslandi. Niðurstöður Rannsóknar og greiningar, sem rannsakað hefur hagi og líðan barna og unglinga síðastliðin tuttugu ár, sýnir að góður árangur hefur náðst í forvörnum á Íslandi. Rannsóknir eru meðal annars gerðar til að styðja við ríkið og bæjarfélög til að veita faglega þjónustu í félags- og tómstundastarfi.

Íslandsmet í unglingsdrykkju

Samkvæmt rannsóknum áttu unglingar á Seltjarnarnesi „Íslandsmet“ í unglingsdrykkju árið 1998, þá var farið í átak á Seltjarnarnesi sem leiddi til þess að unglingsdrykkja á Seltjarnarnesi hefur verið undir landsmeðaltali í mörg ár. Þessi jákvæða þróun varð ekki sjálfkrafa og hefur félagsmiðstöðin Selið átt stóran þátt í þeim árangri sem náðst hefur í forvarnarmálum á sveitarfélaginu. Selið heldur utan um félagslíf Valhúsa-skóla og hefur ákveðna sérstöðu, er með daglegan opnunartíma, öflugt verkefnaárið félagsstarf undir

handleiðslu „landslíðsfólks“ í félags- og tómstundamálum. Horft hefur verið til Selsins sem fyrirmynd annara félagsmiðstöðva.

Ungmennaráð hefur vakið athygli erlendis

Á sama tíma og rannsóknir sýna aukna rafrettu reykingar og unglingsdrykkju taka kjörnir fulltrúar í meirihluta bæjarstjórnar ákvörðun um að höggva niður aðalmastur Selsskútnunnar sem hingað til hefur verið flaggskip Seltjarnarnesbæjar í félags- og tómstundamálum. Búið er að skera niður stöðugildi forstöðumanns um 20% en það er eina staðan sem gerð er krafa um háskólamenntun í starfi í félagsmiðstöðinni og eina staðan sem áður var 100% starf. Til samanburðar er ólíklegt að starfshlutfall aðalþjálfara íþróttaliðs í fremstu röð væri skorið niður. Umsjón með ungmennahúsinu Skelinni og vinna með ungmennaráði Seltjarnarness er eitt af fjölmörgum verkefnum forstöðumanns. Starf ungmennaráðsins hefur vakið athygli innanlands sem utan. Í ársskýrslu ungmennaáætlunar Evrópusambandsins „Youth in Action 2013“ var verkefni ungmennaráðs Seltjarnarness. Af hverju ungmennaráð? Valið eitt af þremur framúrskarandi verkefnum í Evrópu.

Óvæntar ákvarðanir

Sem æskulýðs- og tómstundafulltrúi Seltjarnarness, veiti ég Frístundamiðstöð Seltjarnarness forstöðu. Félagsmiðstöðin Selið, ungmennahúsið Skelin, frístundaheimilið Skjólíð, og tómstunda- og félagstarf eldri borgara heyra undir frístundamiðstöð. Undirrituð fær ekki skilið þessa ákvörðun og er ósátt

með vinnubrögð meirihluta bæjarstjórnar. Ekki var haft samráð við undirritaða vegna niðurskurðar innan Frístundamiðstöðvar og óvæntar ákvarðanir teknar sem ekki eru í takt við samþykktu fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2020. Vona að bæjarstjórn meti árangur að verðleikum

Stend með börnum og unglungum

Ég hef starfað í rúm tuttugu ár að framþróun æskulýðs- og tómstundamála hjá Seltjarnarnesbæ og haft mikla ánægju af starfi mínu. Í ljósi aðstæðna hef ég sagt upp starfi, ég vil ekki leggja nafn mitt við ófagleg vinnubrögð meirihluta bæjarstjórnar. Ég stend með börnum, unglungum og foreldrum og er ekki tilbúin til að taka þátt í þeirri þjónustuskerðingu sem orðin er í Selinu. Mín von er að meirihluti bæjarstjórnar leiðrétti illa vinnubrögð meirihluta bæjarstjórnar. Ég stend með börnum, unglungum, foreldrum, eldri borgurum og frábæru samstarfsfólki í gegnum tíðina. Það samstarf er mér ómetanlega dýrmætt vegna þess til framtíðar.

Margrét Sigurðardóttir (Magga í Selinu), fráfarandi Æskulýðs- og tómstundafulltrúi Seltjarnarness og forstöðumaður Frístundamiðstöðvar.



Margrét Sigurðardóttir.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsd.



Kristín Ingólfsdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



UMHVERFISVÆNAR VÖRUR
FYRIR HEIMILIÐ
FÁST Í VONARSTRÆTI

Minum á vefverslun okkar vonarstraeti.is + heimkeysln á Reykjavíkursvæðinu
VONARSTRÆTI - Laugavegi 27 - S.775 8808 - Facebook: @vonarstraeti.verslun - Instagram: @vonarstraeti

VONARSTRÆTI

Duglegir handbolta- strákar í 7. flokki

Drengirnir í 7. flokki Gróttu í handbolta hafa æft vel í vetur. Hópurinn samanstendur af 32 strákum sem eru virkilega duglegir og í fremstu röð í landinu.

Strákarnir hafa tekið þátt á þremur mótum á yfirstandandi tímabili og staðið sig frábærlega. Klárlega framtíðar leikmenn félagsins þar á ferð. Þjálfarar flokksins eru þeir Filip Andonov og Hannes Grimm.



Leikskóli Seltjarnarness

Innritun fyrir skólaárið 2020-2021



Innritun barna fyrir skólaárið 2020-2021 fer fram í aprilmánuði nk. Til að eiga rétt á leikskóladvöl þarf barn að eiga lögheimili á Seltjarnarnesi. Sækja skal um leikskóladvöl á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is gegnum Mínar síður. Mikilvægt er að umsóknir hafi borist fyrir **31. mars nk**. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða afgreiddar eftir því sem leikskólaláss losnar.

Nánari upplýsingar og aðstoð við innritun veitir Sonja Jónasdóttir í síma 5959287. Fyrirspurnir má einnig senda á sonja@seltjarnarnes.is og leikskoli@seltjarnarnes.is

Upplýsingar um Leikskóla Seltjarnarness:

<http://leikskoli.seltjarnarnes.is/>

www.seltjarnarnes.is/thjonusta/menntun/leikskolar/

<http://www.seltjarnarnes.is/thjonusta/menntun/leikskolar/innritunarreglur/>

Skólaskrifstofa Seltjarnarnesbæjar



HLÚUM HVERT AÐ ÖÐRU OG OKKUR!



Mikið úrval. Einstök gæði. Sterk siðvitund.



Íslenskur aðalbláberjalatte fyrir ónámiskerfið og hjartað.



Jóga & kósýfatnaður. Lífrænn og umhverfisvænn.



Möntruskart. Hringir. Hálsmen. Armbönd.



Dekraðu við húðina með Wild Grace. Hárnákvæm blanda jurta og olía.



Landsins mesta úrval af korkjógadýnum. Korkurinn er framtíðin. Þú þarft aldrei jógahandklæði. Verð frá 16.500 kr.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
[@systrasamlagid](https://www.instagram.com/systrasamlagid)
Sími: 511 6367

GETRAUNANÚMER GRÓTTU

170

GRÓTTA

GETRAUNIR.IS



Bankþjónustan þín er í Landsbankaappinu

Í appinu getur þú:

- » Komið í viðskipti
- » Stofnað kort og reikninga
- » Skráð kortin þín í snertilausar greiðslur
- » Haft yfirsýn yfir öll þín fjármál
- » Dreift kreditkortareikningum
- » Sótt um Aukalán
- » Skoðað greiðsluseðla og rafræn skjöl
- » Millifært á innlenda og erlenda reikninga
- » Sótt um íbúðalán og hafð greiðslumat

